

Sþ.

171. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1976.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

2. umræða um fjárlagafrv. fyrir árið 1976 mun að þessu sinni ekki fara fram fyrr en þann dag, sem síðastur kemur til greina til umræðunnar, ef afgreiða á fjárlög fyrir áramót. Þiðja þó mörg veigamikil mál 3. umræðu, en sá tími sem fjv. gefst til starfs milli umræðnanna verður styttri en nokkru sinni hefur áður þekkt. Meðal þeirra mála, sem nefndin hefur ekki tekið afstöðu til, eru: tekjuhlið, lánsfjáráætlun, almannatryggingar, Lánasjóður ísl. námsmanna, jöfnun á námskostnaði, heimildagrein, málefni Rafmagnsveitna ríkisins, ríkisspítala, menntaskóla og Pósts og síma og skipting fjárveitinga til fjárfestingar í flugmálum. Þessi mál og mörg fleiri þurfa nefndarmenn að ræða og taka afstöðu til á tveim dögum samhliða

öðrum þingstörfum. Jafnan áður hefur verið reynt að hafa u. þ. b. viku á milli umræðnanna þótt minna hafi verið óafgreitt eftir 2. umræðu en nú.

Nefndin flytur sameiginlega brtt. á þskj. 169, en minni hl. nefndarinnar hefur óbundnar hendur um einstakar brtt. og hefur áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Minni hl. fjvn. telur, að mjög skorti á að sá tími sem nefndin hefur haft til að fjalla um fjárlagafrv., hafi verið notaður sem skyldi. Meginhluti tímans hefur farið til viðræðna við aðila, sem sýnt er að meiri hl. n. hefur fyrir fram verið ráðinn í að sinna í engu.

Þá hefur verið þannig á málum haldið að þessu sinni, að engar ráðstafanir voru gerðar til þess að skrifleg erindi, sem send voru ráðuneytum í vor, en fengu ekki úrlausn við gerð fjárlagafrv. kæmu til meðferðar fjvn. á annan hátt en þann, að greint var frá þeim 12. des. án þess að þau væru lesin. Verður þó að telja að þeir, sem senda umsóknir sínar í tíma, eigi ekki síðri rétt en aðrir til þess að þær komi til eðlilegrar umfjöllunar hjá fjvn.

Samtímis þeirri stefnu stjórnarflokkanna að skera sem mest niður fjárveitingar til hvers kyns framkvæmda hefur algerlega verið lögð á hilluna sú viðleitni, sem áður var höfð uppi til könnunar á úrræðum til sparnaðar í ríkisrekstrinum með störfum undirnefndar fjvn., og engum hagsýsluverkefnum verið sinnt. Jafnframt hefur mjög verið dregið úr samskiptum nefndarinnar og fjárlaga- og hagsýslustofnunar við umfjöllun fjárlagafrv. og hefur nánast verið undantekning að fulltrúi þeirrar stofnunar hafi setið fundi nefndarinnar, en það var regla áður. Hefur ekki orðið sú bót á starfsemi nefndarinnar frá því í fyrra, sem minni hl. fjvn. vænti, en án efa mun fyrsta fjárlagaafgreiðsla núv. ríkisstjórnar lengi í minnum höfð, með slíkum eindæmum var að henni staðið. 2. umræða um fjárlög fór þá ekki fram fyrr en 16. des. og handagangurinn þá orðinn slíkur í störfum fjvn., að tíðum var ekki vitað með vissu hvort einstakar tillögur höfðu verið afgreiddar eða ekki. Þar ríkti nánast upplausn á stundum. Undirbúningur fjárlagafrv. var með þeim hætti að samræmi var ekki í forsendum útgjalda- og teknahliðar. Eftir afgreiðslu fjárlaga uppgötvaðist skekkja af þessum sökum er nam 1 200 millj. kr. Kom þá í ljós að fjárlög höfðu verið afgreidd með 1070 millj. kr. reikningslegum greiðsluhalla, sem varð þó miklu meiri í reynd, þegar í ljós kom hversu tekjuáætlun var með öllu óraunhæf.

Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs voru útgjöld á rekstrarliðnum þanin langt umfram verðlagshækkun og fjárlagaútgjöld í heild hækkuð meir en nokkru sinni hafði áður þekkst, þótt fjárinálaráðherra hefði nokkrum mánuðum áður í stjórnarandstöðu talið auðvelt að lækka ríkisútgjöld um þúsundir milljóna króna.

Til þess að ná endum saman voru lántökur stórauknar og tekjuhlið áætluð af algeru óraunsæi og auðsærri óskhyggju. Var ljóst, að ekkert samhengi var milli kjaraskerðingarstefnu ríkisstjórnarinnar og áætlunar um tekjur af neyslusköttum. Hinar gífurlegu hækkunar rekstrarútgjalda og stórauknar lántökur gengu þvert gegn því loforði ríkisstjórnarinnar að hamla gegn verðbólguþróun og að styrkja fjárhag ríkissjóðs. Það var ljóst, að ætti að takast að afla ríkissjóði tekna til að standa undir risahækkun fjárlaga ársins 1975 varð ríkisstjórnin í raun að kynda undir verðbólgu. Það var líka óspart gert, þegar í ljós kom að með óbreyttum tekjustofnum gátu tekjur ekki skilað sér í þeim mæli sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

Þegar eftir síðustu áramót kom í ljós að spilaborg fjárlagaafgreiðslunnar var hrúnin, og öllum er kunnugt um til hversráða var þá gripið: gengislækkun, hækkun innflutningsgjalda á bifreiðum, hækkun verðs á tóbaki og áfengi, lögfesting 12% vörugjalds. Þessar ráðstafanir byggðust á því að láta hverja einingu seldrar vöru skila hærri fjárhæð en áður í neysluskatta til ríkissjóðs, þegar reynslan sýndi að veltan hafði verið stórlega ofmetin. T. d. var við afgreiðslu fjárl. gert ráð fyrir

innflutningi 6 þús. bifreiða eða ríflega 70% meira magni en verður í reynd. Þessar aðgerðir til að þína inn í ríkissjóð tekjur til að standa undir risahækkun útgjalda á fjárlögum þessa árs kyntu stórlega undir verðbólgunni og rýrðu enn kjör launþega, en þær dugðu þó ekki til þess að tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs. Þrátt fyrir niðurskurð á útgjöldum ríkissjóðs um 2 000 millj. kr., að langmestu leyti framlögum til verklegra framkvæmda og sjóða, mun greiðsluhalli ríkissjóðs á þessu ári nema allt að 4 000 millj. kr. Þessi upphæð er um 5 sinnum hærri en spáð er í fjárlagafrv., sem lagt var fram í okt., og sýnir það með öðru hæfni þeirra, sem bera ábyrgð á fjármálum ríkisins. Algert stjórnleysi í innflutnings- og gjaldeyris-málum veldur á þessu ári ríflega 20 þús. millj. kr. viðskiptahalla og stórfelldri skuldaaukningu erlendis. Fám dögum eftir að stjórnvöld lýsa yfir því, að skuldasöfnunin sé orðin svo blöskrunarleg, að ekki sé unnt að ganga lengra í því efni, er skýrt frá stærstu erlendri lántöku í sögu þjóðarinnar, 7 000 millj. kr. erlendu neysluláni, sem tekið er til þess að unnt sé að halda áfram algeru stjórnleysi í notkun erlends gjaldeyris.

Í fjárhagsáætlunum fyrir næsta ár er síðan gert ráð fyrir því, að afleiðingar þessarar stefnu verði 14—16 þús. millj. kr. viðskiptahalli á næsta ári, og í skýrslu Þjóðhagsstofnunar 28. nóv. s. l. segir, að viðskiptahallinn verði „svo mikill að gera verður ráð fyrir mjög miklu innstreymi erlends lánsfjár á næsta ári“.

Þetta eru afleiðingarnar af stefnu hægri stjórnarinnar, sem hefur við stefnumótun látið hagsmunum innflytjenda og annarra gróðaafla ráða ferðinni algerlega.

Við afgreiðslu fyrstu fjárlaga hægri stjórnarinnar var áætluð skattheimta ríkissjóðs hækkuð um 63.2% frá fjárlögum ársins 1974 eða 50% meira en nam verðlagsbreytingum á undanfarandi ári. Útgjöld hækkuðu í heild um 60.5%, einstakir þættir þó enn meir, t. d. hækkuðu liðirnir önnur rekstrargjöld um 86.2%. Til viðbótar þessari stórfelldu hækkun er í fjárlagafrv. fyrir árið 1976 gert ráð fyrir ríflega fimmtungshækkun heildarútgjalda til viðbótar, þannig að fjárlög næsta árs verða 100% hærri en fjárlög ársins 1974.

Breytingar á einstökum þáttum í fjárlagafrv. eru í sömu átt og við síðustu fjárlagaafgreiðslu: rekstrarliðirnir hækka hlutfallslega meir en heildarútgjöldin. Liðirnir önnur rekstrargjöld í A- og B-hluta hækka um 37% og vextir um 66% og nema vextir á næsta ári 4 080 millj. kr. Á hinn bóginn lækkar enn raungildi verklegra framkvæmda, og nú er sérstaklega stefnt að því einnig að draga úr félagslegum réttindum almennings með niðurskurð á fjárveitingum til almannaþrygginga.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir, lækkan raungildis fjárveitinga til verklegra framkvæmda og tryggjarmála, minnkar ekki hluti ríkisútgjalda í heild miðað við þjóðarframleiðslu. Vegna útpenslu rekstrarliða minnkar ekki þáttur heildarútgjalda ríkisins og skattheimtu þess í þjóðarbúskapnum. Þetta er beinlínis viðurkennt í grg. fjárlagafrv., þar sem segir á bls. 164, að fjárlagafrv. feli í sér „svipað magn ríkisútgjalda eða óbreytt ríkisútgjöld á föstu verðlagi milli árána 1975 og 1976“.

Þrátt fyrir óbreytt heildarútgjöld á föstu verðlagi skera stjórnarflokkarnir stórlega niður mikilvægustu framkvæmdaliði og félagslega þjónustu vegna þess, hversu rekstrarliðirnir hafa þanist út í stjórnartíð þeirra.

Aðaleinkenni fjárlagaafgreiðslu hægri stjórnarinnar eru því þau, að ríkisútgjöld í heild verða fyllilega sama hlutfall þjóðarframleiðslu og áður, en verulegar breytingar verða milli einstakra þátta, þar sem jákvæðustu þættirnir eru skornir niður til að mæta útpenslunni á rekstrarliðunum. Sú útpensla stafar ekki sist af stefnu ríkisstjórnarinnar: gengislækkunum, söluskattshækkunum, vaxtahækkunum og álagningu vörugjalds, en þær neikvæðu ráðstafanir hafa haft sömu áhrif á verðbólguna og olía á öld.

Þrátt fyrir að hlutfallslega minna fé sé nú varið til verklegra framkvæmda en áður, eru þær í ríkara mæli en nokkru sinni fyrir fjármagnaðar með lánsfé, eða sem

svarar 56.8 hundraðshlutum, og erlendar lántökur skv. fjárlagafrv. eru áætlaðar 12 sinnum hærrí en árið 1974.

Í nál. er naumast rúm til að rekja hver þróun hefur orðið í fjárveitingum til einstakra málaflokka í fjárlögum eftir tilkomu núv. ríkisstjórnar, höfuðeinkennin: stóráukning rekstrarliða, en minnkun raungildis fjárveitinga til verklegra framkvæmda hafa verið dregin fram. Ástæða er til að geta þess, að einungis ríflega 500 millj. kr. verður varið til nýrra framkvæmda í öðrum höfnum en landshöfnum, en fjárveiting hefði þurft að vera um 1 300 millj. kr. á næsta ári til þess að framkvæmdir væru í árslok orðnar í samræmi við þá 4 ára áætlun um hafnargerðir, sem lögð var fyrir Alþingi s.l. vor. Á sama tíma og þessi stórfelldi niðurskurður hefur átt sér stað tvö ár í röð, hafa þarfirnar á sérstöku átaki í hafnarframkvæmdum orðið brýnni en nokkru sinni fyrr vegna tilkomu nýs flota skuttogara, sem dreifst hefur á mjög margar hafnir á landinu.

Við skiptingu fjár til byggingar grunnskóla er við það miðað, að enginn aðili, sem hefur á fyrri fjárlögum haft fjárveitingu til undirbúnings, megi hefja framkvæmdir á næsta ári, og svo til hið sama gildir um fjárveitingar til framkvæmda í heilbrigðismálum.

Með þeim fjárveitingum, sem fyrirhugaðar eru til byggingar íþróttamannvirkja, er algerlega sett úr skorðum sú áætlun sem í gildi hefur verið síðan 1973 um framkvæmdir í þessum málaflokki. Vanskilaskuldir ríkissjóðs við sveitarfélög og íþróttasamtök munu því hlaðast upp að nýju, og fáist ekki hækkuð framlög til þessara framkvæmda mun skuld ríkissjóðs við fyrrgreinda aðila vegna íþróttamannvirkja nema um 76 millj. kr. þegar á næsta ári.

Með stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum, svo stórfelldum niðurskurði nauðsynlegustu framkvæmdaþátta, er enginn vandi leystur, heldur er honum safnað upp og hann mun knýja á af vaxandi þunga á næstu árum.

Getuleysi ríkisstjórnarinnar að rækja það hlutverk stjórnvalda að tryggja framgang brýnustu samfélagslegu framkvæmda á rætur í verðbólgestefnu hennar. Neikvæðar ráðstafanir í efnahagsmálum hafa valdið slíkri útþenslu rekstrarliða, að þeir gleypa það fjármagn sem ríkissjóður er látinn innheimta af landsmönnum. Auðsæja möguleika til að afla meira fjár til nauðsynlegustu framkvæmda með skattlagningu á gróðafyrirtæki, sem engan tekjuskatt borga, fæst ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar hins vegar ekki til að nota.

Gróðaöflin í þjóðfélaginu heimta frjálsa ráðstöfun gjaldeyrisins, forgang einka aðila til fjárfestingar og til vinnuafis í landinu og sem mest frelsi undan skattgreiðslum til ríkisins í sameiginlegar þarfir landsmanna. Sýnt hefur verið fram á, að hundruð gróðafyrirtækja í Reykjavík, sem hafa í veltu þúsundir milljóna króna, greiða alls enga tekjuskatta. Í stað þess að láta þessa aðila greiða skatta til ríkisins a. m. k. til jafns við aðra, grípur hægri stjórnin til ráða sem eru henni geðþekkari.

Þegar stjórnleysið í efnahagsmálum og einkum í fjármálum ríkisins kreppir að ríkisstjórnarflokkunum við fjárlagagerð og afleiðingar óstjórnarinnar koma fram í stórfelldri útþenslu rekstrarliða í ríkisbúskapnum, grípa stjórnarflokkarnir til ráða sem eru hægri flokkum nærtæk:

1. Niðurskurðar nauðsynlegustu samfélagslegra framkvæmda, sem hvað mest bitnar á almenningi úti á landsbyggðinni.
2. Skerðingar á bótum almannatrygginga.
3. Lækkunar á niðurgreiðslum á verði brýnustu matvara, en sú ráðstöfun bitnar harðast á lífeyrisþegum og barnafjölskyldum.

Þetta eru dæmigerðar aðgerðir hægri flokka og koma í kjölfar vaxandi krafna svæsnustu hægri sinna í landinu um að dregið verði úr þætti ríkisins í framkvæmdum og uppbyggingu og í félagsmálum á þann hátt, sem gert hefur verið í tíð núv. ríkisstjórnar. Það fer ekki milli mála hverjir ráða ferðinni. Víst er, að þeir aðilar

í Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum, sem best ná saman um þá hægri stefnu, sem nú er fylgt, miða engan veginn við það, að hér verði einungis um tíma- bundin úrræði að ræða, heldur varanlegar aðgerðir meðan hægri stjórnin hefur völdin. Þess vegna er það brýnasta hagsmunamál launafólks í landinu að völdum núv. ríkisstjórnar verði hnekktt sem fyrst.

Alþingi, 13. des. 1975.

Geir Gunnarsson,
frsm.

Karvel Pálmason.

Jón Árm. Héðinsson.